

Hverfisráð Hríseyjar

150. fundur

Miðvikudaginn 2. febrúar 2022 kl. 20:30 var haldinn 150. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Ásrún Ýr Gestsdóttir varamaður. Ólafur Búi Ólafsson boðaði forföll. Halla Björk Reynisdóttir var áheyrnarfulltrúi fyrir hönd Akureyrarbæjar.

Dagskrá:

1. Framkvæmdafé 2022

Farið yfir innsendar hugmyndir frá íbúum. Hverfisráð leggur til að framkvæmdafé fyrir árið 2022 verði varið í eftirfarandi verkefni:

- Aðkoma að eyjunni, svæðið milli Salthúss og Gallerí Perlu
- Hátíðarsvæðið: göngustígur, lýsing, gróður
- Gönguleiðir og áningarstaðir. Merkingar

Öðrum hugmyndum sem sendar voru inn verður komið áfram á viðeigandi svið hjá Akureyrarbæ.

Rætt um að setja upp áætlun til nokkurra ára varðandi uppbyggingu á hátíðarsvæðinu og svæðinu milli Salthússins og gallerí Perlu.

2. Cittaslow

Umræður um verkefnið.

3. Markaðssetning á búsetu í Hrísey

Umræður um verkefnið.

4. Önnur mál

- Rætt um mikilvægi þess að standa vörð um störf bæjarins í eyjunni þrátt fyrir niðurskurð. Umræður varðandi aukna samvinnu milli „sviða“ bæjarins innan Hríseyjar.
- Rætt um eldri erindi hverfisráðs til bæjarráðs sem í sumum tilfellum hefur ekki verið svarað nægilega skýrt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:30

Ásrún Ýr Gestsdóttir
Ingólfur Sigfússon
Júlía Mist Almarsdóttir

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon